

Mál nr. 4/2010-2011

Kærandi: Bjarni Jónsson fyrir hönd stjórnar trúfélags Votta Jehóva á Íslandi.

Kærðu: Fréttastofa RÚV, Svavar Halldórsson, fréttamaður

Kæruefni: Umfjöllun í fréttatíma sjónvarpsins hinn 7.11. 2010 um meint kynferðisofbeldi hjá Vottum Jehóva.

Málsmeðferð:

Siðanefnd barst erindi frá stjórn trúfélags Votta Jehóva dagsett 10. nóvember 2010 þar sem kvartað var „vegna fréttatilkynnings um trúfélag okkar síðastliðna þrjá daga.“ Jafnframt fylgdi erindinu fréttatilkynning frá trúféluginu dagsett 9.11., sem send var til fjöldi, meðal annarra fréttastofu RÚV. Siðanefnd óskaði frekari gagna frá kæranda og bárust þau 26.11. Þar var áréttáð að kærandi teldi sig hafa fullnægt kröfu um leiðréttingu með sendingu fréttatilkynningar til fréttastofu RÚV. Jafnframt var þar tekið fram að kært væri vegna umfjöllunar Svakars Halldórssonar í sjónvarpsfréttum hinn 7.11. RÚV hefði ekki á nokkurn hátt tekið til baka þær „ærumeiðandi fullyrðingar“ sem settar hefðu verið fram í sjónvarpsfréttum þann dag. Taldi kærandi fréttamanninn hafa þar brotið gegn 3. gr. siðareglina BÍ.

Málið var tekið fyrir á fundi siðanefndar 7.12. Þrír nefndarmanna, Hjörtur Gíslason, Ásgeir Þ. Árnason og Jóhannes Tómasson, töldu kæruna tæka. Annars vegar teldist fréttatilkynningin nægileg beiðni um leiðréttingu og hins vegar að þrátt fyrir frekari umfjöllum um hið kærða efni næstu daga, væri í raun ekki hægt að leiðréttina hina kærðu frétt frá 7.11. Studdust þeir meðal annars við nokkur fordæmi í úrskurðum nefndarinnar frá síðasta áratug. Tveir nefndarmanna, Friðrik Þór Guðmundsson og Sigríður Árnadóttir, töldu á hinn bóginn kæruna ekki tæka, þar sem umrædd fréttatilkynning gæti ekki talist fullnægjandi beiðni um leiðréttingu sem skylt er að leita samkvæmt 6. gr. siðareglna áður en meint brot er kært og að viðkomandi fordæmi ættu ekki við í þessu máli. Í framhaldi þess var ákveðið að taka erindi trúfélagsins frá 26.11. til umfjöllunar sem hina eiginlegu kæru, en taka einnig tillit til fyrra erindis trúfélagsins frá 10.11. Því var óskað eftir viðbrögðum frá fréttastofu RÚV vegna kærunnar og henni send öll gögn málsins. Bárust þau siðanefnd dagsett 17.12. Málið var tekið fyrir að nýju 21.12. og þá óskað enn frekari ganga frá RÚV og bárust svör í tölvupósti 29.12. Áfram var fjallað um málið á fundi siðanefndar 4. og 17.1. 2011.

Málavextir:

Í erindinu frá stjórn trúfélags Votta Jehóva frá 26.11. segir svo:

„Eins og við bentum á í fyrra bréfi okkar byggist frétt Svakars Halldórssonar hinn 7. nóvember sl. á viðtölum við tvær konur. Sú síðari nefndi ákveðið dæmi um kynferðislega misnotkun sem hún þekkti af fyrstu hendi og staðfest er með dómi. Það mál er söfnuði Votta Jehóva óviðkomandi með öllu. Svavar leyfir fyrrí viðmælanda sínum að koma með alvarlegar ásakanir og fullyrðingar án þess að ganga nokkuð eftir því hvernig viðmælandanum sé kunnugt um það sem hann fullyrðir. Öllu heldur virðist fréttamaðurinn trúá fullyrðingum viðmælanda síns eins og nýju neti. Við teljum ljóst að fréttamaðurinn, Svavar Halldórsson, hafi með þessari frétt sinni tvímælalaust brotið gegn ákvæðum 3. greinar siðareglina BÍ.

Með bréfi þessu og þeim gögnum sem því fylgja teljum við okkur hafa fullnægt þeim skilyrðum sem siðanefnd Bí gerir til kæru vegna brota á siðareglum Bí. Óskum við því eftir að nefndin taki til skoðunar vinnubrögð fréttamannsins, Svavars Halldórssonar, í tengslum við umrædda frétt í sjónvarpinu sunnudaginn 7. nóvember sl.“

Siðanefnd skilur kæru trúfélagsins svo að kærð sé bæði fréttin frá 7.11. í heild og eftirfarandi fullyrðingar, sem koma fram í fréttayfirliti og fyrirsögn í upphafi fréttatímans. Yfirlitið („helstið“) hljóðaði svo: „*Kynferðisofbeldi hefur þrifist í skóli Votta Jehóva á Íslandi. Stjórnendur safnaðarins koma í veg fyrir að málín rati til löggreglu. Þetta segja konur sem áður tilheyrdú söfnuðinum.*“ Samtímis birtist á skjánum fyrirsögnin („slöggjöld“): „*Hylma yfir ofbeldi og misnotkun.*“ Í svari fréttastjóra RÚV til siðanefndar frá 29.12. er það staðfest að fréttayfirlit og fyrirsögn (helst og slögg) séu hluti fréttar.

Í frétt Svavars eru viðtöl við tvær konur og ber önnur trúfélagið þessum sökum. Hún segist hafa hætt í söfnuðinum þegar hún hafi komist að því að kynferðisleg misnotkun hafi viðgengist innan safnaðarins og slík mál hafi ekki verið kærð til löggreglu, heldur hafi söfnuðurinn ákveðið að annast slík mál sjálfur. Hin konan segir frá áralangri kynferðislegri misnotkun föður síns á henni og hún hafi ekki losnað úr söfnuðinum fyrr en hún hafi verið send vestur um haf til að dvelja hjá ættingjum sínum. Í fréttinni er einnig að finna eftirfarandi fullyrðingu fréttamannsins: „*Mæðgunum var báðum útskuðað úr söfnuðinum. Faðirinn hins vegar, sem ákærður var og dæmdur í margra ára fangelsi fyrir kynferðislegt ofbeldi gegn dóttur sinni, hélt áfram að sækja samkomur.*“

Í erindum stjórnar trúfélags Votta Jehóva og áðurnefndri fréttatilkynningu er þessum ásökunum hafnað. Í fréttatilkynningunni segir meðal annars svo:

„Söfnuðir Votta Jehóva á Íslandi hylma ekki yfir kynferðislega misnotkun eða ofbeldi gegn börnum eins og fullyrt var í fréttum ríkissjónvarpsins sunnudaginn 7. nóvember. Ekki koma stjórnendur safnaðanna heldur á nokkurn hátt í veg fyrir að „málín rati til löggreglu“.

...

Í fyrra viðtalini fullyrðir konan, sem við er rætt, að hún viti um nokkur dæmi þess að við meðhöndlun kynferðisbrotamála hafi ekki verið farið að landslögum heldur hylmt yfir brotin. Fréttamaður truir greinilega orðum hennar og sprýr ekki nánar út í það hvernig hún hafi öðlast þessa vitneskju sína.

Í síðara viðtalini greinir kona frá því að faðir hennar hafi hlutið fangelsisdóm fyrir misnotkun á henni í æsku. Málið er vissulega hörmulegt en það er söfnuði Votta Jehóva algerlega óviðkomandi. Faðir konunnar hefur aldrei verið Vottur Jehóva, þó að hann hafi um einhvern tíma sótt samkomur þeirra af og til. Þó að móðir hennar hafi verið safnaðarmeðlimur var söfnuðinum ekki kunnugt um framferði mannsins fyrr en það komst í hámæli.“

Þar segir enn fremur:

„Stjórnendur safnaðanna hafa fengið skýrar leiðbeiningar um hvernig taka skuli á slíkum málum í samræmi við landslög. Þeir leggja ríka áherslu á að slík mál, ef upp koma, fari án tafar til réttra yfirvalda. Þeir eru einnig hvattir til að vera á varðbergi gagnvart hverjum þeim sem kunnugur er af því að hafa misnotað börn. Ekkert sérstakt „barnastarf“ fer fram innan safnaðanna þar sem börnum gæti hugsanlega stafað hætta af slíkum einstaklingum. Í ritum, sem Vottar Jehóva gefa út, birtast af og til greinar um það sem forráðamenn barna sem og aðrir geta gert til að vernda börnin gegn misnotkun misindismanna.

Frá árinu 1960 eru þau alls sjö mál af þessu tagi sem umsjónarmenn safnaðanna hafa fengið vitneskju um. Fjögur þeirra komu upp á árunum 1960 til 1990 og af þeim voru tvö söfnuði Votta Jehóva óviðkomandi, gerandinn var ekki Vottur Jehóva. Þrjú mál hafa svo komið upp á síðustu 20 árum. Eitt þeirra var kært til löggreglu og fór í gegnum réttarkerfið.“

Í erindinu frá 10.11. segir ennfremur: „*Mæðgunum var heldur ekki „báðum útskúfað úr söfnuðinum“ heldur sagði módir hennar sig úr honum og dóttirin var aldrei safnaðarmeðlimur.*“

Í lok hinnar kærðu fréttar er svo haft eftir Svanberg Jakobssyni, talsmanni Votta Jehóva á Íslandi að kynferðisofbeldismál yrðu kærð til löggreglu ef þau kæmu upp. Slíkt hafi ekki komið upp á þeim tíma sem hann hafi verið talsmaður safnaðarins.

Fréttastofa RÚV flutti næstu daga frekari fréttir af málinu, í sjónvarpi, útvarpi og á fréttavef sínum á Netinu, þar sem sjónarmið trúfélags Votta Jehóva komu frekar fram og rætt var við forstjóra Barnaverndarstofu, sem sagði „*að verklagsreglur Votta Jehóva í þessu sambandi felli prýðilega að þeim ákvæðum laga sem gilda um þetta efni og séu í góðu samræmi við þau tilmæli sem Barnaverndarstofa hefur gefið í þeim efnum.*“ Fréttamaðurinn Lára Ómarsdóttir fylgdi málinu eftir af hálfu fréttastofu RÚV. Hins vegar var ekki sagt frá efni fréttatilkynningar trúfélagsins.

Í andsvari fréttastofu RÚV, sem er undirritað af Óðni Jónssyni, fréttastjóra, fyrir hönd fréttastofu RÚV, Svavars Halldórssonar og Láru Ómarsdóttur, segir meðal annars svo:

„Fréttastofa hafnar því algerlega að hafa borið á borð ósönn ummæli gegn betri vitund. Fréttastofa telur heimildarvinnu sína og undirbúning fréttarinna hafa verið vandaða. Ummæli í helsti og inngangi fréttarinna eru höfð eftir viðmælendum sem fréttastofa metur trúverðuga. Ekki fór á milli mála að þetta var frá þeim komið. Áþekk ummæli hafa áður komið frá þeim, annars vegar í viðtali við Vikuna og hins vegar í viðtali við Fréttatímann.

Fréttastofa telur vinnubrögð sín hafa verið vönduð. Fréttin sem birtist í sjónvarpsfréttunum var í vinnslu frá fimmtudegi og þar til hún birtist á sunnudagskvöldi. Á þeim tíma ræddi fréttastofa ítrekað við báða viðmælendur, Malínu Brand og Elfu Lind Berudóttur, aðstandendur þeirra, og fór yfir dóm yfir föður Elfu Lindar vegna kynferðisofbeldis.

Fréttastofa ræddi að auki við fleiri fórnarlömb kynferðisofbeldis innan safnaðar Votta Jehóva á Íslandi. Fréttastofa fékk bæði verknaðarlýsingar frá fyrstu hendi og nöfn gerenda. Fórnarlömbin lýstu auk þess viðbrögðum þeirra sem fara með æðstu völd innan safnaðarins. Þessar lýsingar voru í samræmi við lýsingar þeirra sem rætt var við í fréttinni. Að auki ræddi fréttastofa við bandarísk samtök fyrrverandi votta sem orðið hafa fyrir osbeldi innan safnaðarins þar ytra. Í ljósi alls þessa mat fréttastofa lýsingar viðmælenda sinna trúverðugar. Fréttastofa hefur síðan þá verið í sambandi við fleiri fórnarlömb sem enn hafa styrkt frásögn beggja viðmælenda.“

Í andsvari fréttastofu RÚV segir ennfremur að hún telji að allar fréttir af þessu máli hafi verið vel unnar og í samræmi við vinnureglur, siðareglur Blaðamannaflags Íslands og hefðir vandaðrar blaðamennsku.

Umfjöllun:

Eins og fram kemur í málavöxtum beinist kæra trúfélags Votta Jehóva einungis að „*vinnubrögðum fréttamannsins, Svavars Halldórssonar, í tengslum við umrædda frétt í sjónvarpinu sunnudaginn 7. nóvember sl.*“ Siðanefnd tekur engu að síður tillit til umfjöllunar fréttastofu RÚV um málið í heild eins og kveðið er á um í 6. gr. siðareglna BÍ.

Siðanefnd leggur áherslu á, að umfjöllun um mál af þeim toga, sem hér er til umfjöllunar, á fullan rétt á sér. Siðanefnd hefur ekkert við það að athuga að rætt sé við fólk sem kemur fram

undir nafni með frásagnir af misrétti, eða kynferðisofbeldi, sem það hefur verið beitt eða orðið vitni að. En í vandasönum málum, eins og þessu, ber að fara sérstaklega varlega.

Nefndin ber ekki brigður á að fréttastofa RÚV hafi ekki „*borið á borð ósönn ummæli gagn betri vitund*.“ Hins vegar segir í 3. gr. siðareglna Bí: „*Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasönum málum.*“ Er það álit siðanefndar að í þessu máli hafi fréttamaðurinn Svavar Halldórsson, í hinni kærðu frétt, ekki vandað úrvinnslu sína og framsetningu eins og kostur hafi verið á.

Í fréttayfirliti er haft eftir konum sem hætt hafi í söfnuði Votta Jehóva að stjórnendur komi í veg fyrir að kynferðisofbeldismál sem hafi þrifist í skjóli safnaðarins rati til löggreglu. Í inngangi fréttar Svavars segir svo: „*Konur sem hafa hætt í söfnuði Votta Jehóva segja kynferðis- og heimilisofbeldi þrifast í skjóli þeirra sem þar ráða ríkjum. Reynt sé að ráða fram úr slíkum málum innanbúðar og aldrei sé leitað til löggreglu.*“ Síðar í fréttinni segir Svavar: „*Mægðunum var báðum útskúfað úr söfnuðinum. Faðirinn hins vegar, sem ákærður var og dæmdur í margra ára fangelsi fyrir kynferðislegt ofbeldi gagn dóttur sinni, hélt áfram að sækja samkomur.*“

Er það mat siðanefndar að staðhæfing í fréttayfirliti um að stjórnendur komi í veg fyrir að kynferðisofbeldismál rati til löggreglu eigi sér ekki stoð í orðum viðmælenda. Hvorug kvennanna hafi tekið svo sterkt til orða. Þá er það mat siðanefndar að fréttamaðurinn hafi gengið of langt, þegar hann fullyrðir í inngangi að aldrei sé leitað til löggreglu, enda byggist síðari hluti fréttarinnar einmitt á máli, sem hafi verið kært til löggreglu og gerandinn dæmdur í margra ára fangelsi. Í þessu tvennu felst hrein mótsögn. Siðanefnd metur það einnig svo, að of sterkt sé tekið til orða, þegar fréttamaðurinn talar um hylmingu, bæði í fréttinni sjálfri og fyrirsögn hennar, enda notar hvorugur viðmælenda hans það orð. Siðanefnd telur mikillar ónákvæmni gæta í hinni kærðu frétt, sem er í raun sett saman út tveimur málum, sem eru að miklu leyti ólík og í því síðara er í raun kollvarpað meginþætti hins fyrra, það er að aldrei sé leitað til löggreglu. Síðari viðmælandinn er kallaður fórnarlamb í beinu framhaldi af umfjöllun um kynferðis- og heimilisofbeldi „*í skjóli þeirra sem þar [hjá Vottum Jehóva] ráða ríkjum.*“ Af fréttinni verður ekki ráðið hvernig söfnuður Votta Jehóva eða forsvarsmenn hans tengjast áralöngu kynferðisofbeldi sem viðmælandinn mátti þola af hendi föður síns. Þá stangast á fullyrðingar í fréttinni þar sem segir að mæðgum hafi verið útskúfað úr söfnuðinum. Í texta sínum segir fréttamaðurinn að eitt fórnarlambanna „*hafi ekki losnað úr söfnuðinum fyrr en hún var send vestur um haf til að dvelja hjá cættingjum.*“ Þar er augljóslega átt við sama aðila í báðum tilfellum. Annars vegar losnaði stúlkjan ekki úr söfnuðinum og hins var hún útskúfuð! Siðanefnd telur á hinn bóginn ekki skipta megin máli hvort umrætt fólk hafi verið formlegir meðlimir í trúféluginu eða ekki, enda tók það þátt í almennu starfi þess.

Fullyrðingar fréttamannsins ganga lengra en ummæli viðmælanda hans gefa tilefni til. Ennfremur vaknar sú spurning við yfirferð fréttarinnar, hvaða þátt trúfélug Votta Jehóva á Íslandi hafi átt í máli síðari viðmælanda fréttamannsins. Henni er ekki svarað í fréttinni. Hafi það skýrst í þeim viðtölu sem aflað var við vinnslu málsins hefði það þurft að koma fram í fréttinni sjálfri.

Eins og áður sagði á umfjöllun sem þessi fyllilega rétt á sér. Svo virðist sem öflun upplýsinga hafi verið fullnægjandi, en úrvinnslan ekki. Siðanefnd gerir ekki athugasemdir við þá umfjöllun, sem fylgdi í kjölfarið. Þar komu fram sjónarmið Votta Jehóva og kallaður var til sérfræðingur í barnaverndarmálum, forstöðumaður Barnaverndarstofu. Auk þess minnir

nefndin á að leitað var álits Votta Jehóva áður en hin kærða frétt var flutt og lesin var stutt athugasemd frá fulltrúa safnaðarins í lok fréttarinnar.

Úrskurður:

Kærði, Svavar Halldórsson, telst hafa gerst brotlegur við 3. gr. siðareglna BÍ.
Brotið er ámælisvert.

Hjörtur Gíslason

Hjörtur Gíslason

Friðrik Þór Guðmundsson

Friðrik Þór Guðmundsson

Ásgeir Þór Árnason

Ásgeir Þór Árnason

Jóhannes Tómasson

Jóhannes Tómasson

Sigríður Árnadóttir

Sigríður Árnadóttir